

Efnahags- og viðskiptanefnd alþingis

Efni: Upptaka gisináttaskatts og breytingar á lögum um hann

Akureyri, 30. nóvember 2023

Góðan dag

Ákvað að senda þessar línur á efnahags og viðskiptanefnd alþingis vegna frumvarps um breytingu laga um gistináttaskatt. Í fundargerð bæjarráðs Akureyrarbæjar frá 23. Nóvember sl. Var fjallað um erindi efnahags og viðskiptanefndar þar sem óskað var eftir umsögn um breytingar á lögum om gistináttaskatt. Þar sem Hamrar, útlífsmiðstöð skáta annast rekstur tjaldsvæða Akureyrar fyrir hönd bæjarins ákvað ég að senda þessar línur til nefndarinnar.

Skoðandi málið tók eftir því að í umsögnum aðila ferðapjónustunnar um þessa lagabreytingu er lítið fjallað um þau áhrif sem þessi skattlagning hefur á tjaldsvæði landsins. Upptaka skattsins og breytingar hafa í för með sér miklar prósentu hækkunar á tjaldgistingu og geta haft áhrif á fjölda þeirra sem kjósa að ferðast um landið og gista í tjöldum með fjölskyldum sínum í sumarfríunum. Tjaldsvæðin virðast hafa lítil ítök inn í samtökum ferðapjónustuaðila og ekki nein heildarsamtök slíkra svæða til og því kannski ekki verið leitað eftir álitum slíkra aðila á málinu.

Upptaka gisináttaskatts á ferðamenn á ný hefur mikil áhrif á hækkunar á tjaldgistingu fyrir árið 2024. Fyrir alþingi liggur nú frumvarp um breytingu á gistináttaskatti sem kemur til með að hækka upphæðina sem gestir greiða fyrir gistingu á tjaldsvæðum um 300 kr pr. Mann pr nótt. Á það leggst svo virðisaukaskattur sem er 11% svo hækkunin til neytanda er í raun 333 kr. Að auki má reikna með að verð á gistingu muni hækka í takt verðlagsþróunar og verðbólgu. Við skoðun á verði á gistingu á tjaldsvæðum samkvæmt verðskráum um 150 tjaldsvæða á Íslandi þar sem gistinóttin kostar frá 750 kr upp í 4000 kr pr. mann 18 ára og meðalverðið er um 1900 kr á mann má sjá að hækkunin er allt frá 7% og upp í 40% en er um 16% hækkun á meðalverði þessara 150 tjaldsvæða. Þá á eftir að taka tillit til verðlagsþróunar og verðbólgu og því óhætt að reikna með því að meðal hækkun á gistingu á tjaldsvæði verði á bilinu 20-25% fyrir næsta sumar, þar sem stærri hluti hækkunarinnar er tilkomin vegna gistináttaskattsins. Þegar þetta er svo borið saman við aðra gistingu t.d. hótélherbergi) sem í langflestum tilfellum er töluvert dýrar pr. mann kemur auðvitað allt önnur prósentuhækkun í ljós sem auðveldara er að útskýra þegar hlutfalla skattsins af heildargreiðslunni er 1-3% í stað 10-20% líkt og verður á tjaldsvæðum.

Þegar gistináttatölur Hagstofu Íslands fyrir tjaldsvæði eru skoðaðar fyrir árið 2022 kemur í ljós að um 1250 þús gistinætur eru skráðar á landinu öllu árið 2022. Þar af eru Íslendingar með um 450 þús gistinætur og þá erlendir ferðamenn með um 800 þús af þeim. Hluti þessara gistinátta er vegna barna sem ekki eiga að greiða þennan gistináttaskatt. Miðað við tölur af fjölskyldutjaldsvæði á Akureyri árið 2022 kom í ljós að um 30-40% gistinátta Íslendinga voru vegna barna en um 5-15% gistinátta erlendra ferðamanna voru vegna barna þetta ár mis mikið eftir tímabilum ársins. Að jafnaði mætti þá kannski reikna með að um 25% gesta væru börn og þyrftu því ekki að greiða þennan gistináttaskatt. Þannig má reikna út að Íslenskir ferðalangar þurfi í sumarfríum sínum að greiða a.m.k. 100 milljónir í þennan gistináttaskatt. Vissulega er það ekki há prósentu af þeim heildartekjum sem þessi skattur á að skila ríkissjóði 3,1-4,1 milljarðar samkvæmt áætlunum ríkissjóðs en þetta eru miklar hækkunar fyrir þær fjölskyldur sem velja sér tjaldsvæði sem dvalarstaði á ferðalögum sínum um landið. Það væri kannski eðlilegra að hafa þennan skatt misháan eftir tegund gistingar eins og þekkt víða erlendis, löggin bjóða vel upp á það og því auðvelt fyrir löggjafann að breyta þessu í þá veru. Annað hvort með að hafa krónutöluna lægri á tjaldsvæðagistingunni eða hafa þetta prósentutengt þannig að hækkunin væri jöfn í % óháð gististað.

Með kveðju

Ásgeir Hreiðarsson
framkvæmdastjóri
Hamrar, útilífsmiðstöðvar skáta Akureyri
8614611